



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Drafnarsteinn

2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1 Áherslur næsta skólaárs:	3
2 Innra mat deilda	5
2.1 Hlíð	5
2.2 Hóll	7
2.3 Hulduhólar:	9
2.4 Álfheimar	11
2.4.1 Umbótaáætlun Álfheima 2020 - 2021	12
2.5 Trölladyngja	13
2.6 Holt	15
3 Ytra mat	17
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
5 Foreldrasamvinna	18
5.1 Umsögn foreldraráðs	19
6 Skipulagsdagar og skóladagatal	20
6.1 Skóladagatal	21
7 Fylgigögn	22
7.1 Fylgiskjal 1 Samantekt um sérkennslu/stuðning	22
7.2 Fylgiskjal 2	30
7.3 Niðurstöður innra mats	34
7.4 Umhverfismennt	35
7.5 Hob's	35



Leiðarljós leikskólans:

Samskipti, vinátta og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið gekk í garð með miklum breytingum, öll börn sem höfðu verið í Drafnarborg um vorið fóru á sínar deildir í Dvergasteini og var því starfstöðin á Seljaveginum yfirfull. Drafnarborginni var verið að breyta í ungbarnadeild og voru iðnaðarmenn að ljúka síðustu breytingum í Drafnarborginni ásamt því að endurgera garðinn frá grunni. Í því ástandi tóku þolinmóðir starfsmenn Drafnarborgar á móti litlum manneskjum í aðlögun sem voru að stíga sín fyrstu skref í leikskóla. Síðla októbermánaðar var svo lóðin tilbúin og allir mjög ánægðir með útkomuna og biðin þess virði.

Eftir starfsmannasamtöl og langa ígrundun ákváðum við að gera breytingar sem urðu til þess að nærri allir deildarstjórar skiptu um deild og mikið af öðru starfsfólk líka. Haustið var því ekki aðeins aðlögunartími fyrir börnin heldur líka allt starfsfólkið.

Svo kom nýtt ár... Við vorum nýbyrjuð að vinna með vísuna um „Siggu og köngulóna“ og námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin þegar verkfall Eflingar skall á. Ein deild af sex lokaði alveg og mismikil starfssemi var á öðrum deildum, þá bættist við yfirvofandi verkfall Sameykis sem fór nú minna fyrir eða í nokkra daga. Þegar við svo sáum fram á beri tíð og eðlilega skólastarfsemi skall Covid-19 á með þeirri skerðingu sem nú er þekkt orðin. Í öllu þessu fengum við staðfest að við værum leikskólinn í okkar bæjarhluta sem yrði opinn í allt sumar.

Við náðum mikilvægum skrefum í vinnu við það sem við ætluðum okkur í menntastefnunni. Við fengum námskeið um haustið í námsefninu „Lubbi finnur málbein“ og hófum innleiðingu á því og í janúar fóru allir starfsmenn á námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Við fengum einnig styrk fyrir elstu börnin að sækja námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur.

1.1 Áherslur næsta skólaárs:

Áherslur næsta skólaárs: Við ákváðum að halda áfram þeim þáttum í menntastefnunni sem við settum okkur í fyrra, læsi og sköpun. Við munum fá hana Sigríði Þórisdóttur í lið með okkur og skoða með henni þá þróun sem hún hefur verið að setja sem viðbót í námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin, en það er áhersla á tilfinningagreind og núvitund. Við ætlum að bæta í „Lubba“ vinnuna með því að kynna okkur aðferðir annarra leikskóla sem hafa unnið lengur með Lubba. Fá nýjar hugmyndir að uppsetningu, ofl. Í listaskála höfum við haft myndlistarkennara undanfarin ár sem sinnti sköpun, en nú hefur hún farið í önnur störf. Það er því viss áskorun að viðhalda því góða starfi sem við vorum



orðin vön. Ásamt því að vinna markvisst með myndlist ætlum við að efla tónlist og söng í skólanum með námskeiði og til þess höfum við fengið tónlistarkennara með okkur í þá vinnu.

Í umhverfismennt þá höldum við áfram grænfána-áherslunni um líffjölbreytileika og erum í alþjóðlegu verkefni með Landvernd sem heldur áfram. Við fengum styrk með landvernd til að vinna nánar með það verkefni.

Enn bætist í prósentu þeirra barna sem hafa fleiri en eitt tungumál og því ákváðum við að gera betur þar og styrkja þá vinnu. Við höfum því ákveðið að ráða í 50% verkefnisstjóra fjölmennningar með nýrri starfslýsingu. Von okkar er sú að þá sé hægt að styrkja enn frekar við þann hluta barna okkar í skólanum og fjölskyldum þeirra.



2 Innra mat deilda

2.1 Hlíð

Haustið 2019 opnaði Drafnarborg sem ungubarnaleikskóli með tvær ungubarnadeildir Hlíð og Hól. Aðlögunin gekk ágætlega en betur eftir að skipulagið var einfaldað og gert skýrara á hvorri deild fyrir sig. Á Hlíð eru 14 börn sem fædd eru 2017 og 2018. Eins og vanalega tók aðlögun langan tíma þar sem að börn voru að koma inn fram eftir hausti og síðustu börnin komu inn í Desember. En þau voru öll fljót að aðlagast nýju umhverfi og dagsskipulagi. Það verður að segjast eins og er að skipulag fyrir jóla á yngstu deild fer mikið í það að halda utan um börnin, kynnast þeim og kynna fyrir leikskólanum og því umhverfi. Þessi þáttur varð veigameiri þar sem að börnin voru talsvert yngri að byrja.

Skipulagið breyttist eftir því sem leið á og varð flæðið á milli deilda opnara og samstarfið meira. Markmiðið var einmitt það með skipulagsbreytingunni að hafa báðar deildir opnari og flæði meira. Það var margt gott sem kom út úr því eins og hreyfingardagurinn en þá eru allar hurðir opnar og hver kennari með sitt svæði og börnin í flæði út um allt hús. Hvíldin hjá báðum deildum er komin niður í sal. Það er alltaf hægt að gera betur og það er einmitt vert að skoða þetta flæði betur og betrumbæta skipulagið í kringum það.

Allir viðburðir gengu vel og við áttum gott samstarf við Hól um alla tyllidaga fram til febrúar 2020.

Árið 2020 hefur verið stormasamt hjá okkur. Deildarstjórinn var frá meiri hlutann af Janúar svo hófst verkfall hjá Eflingarstarfsfólki sem dróst á langinn og í sömu viku og allt Eflingarstarfsfólk mætti aftur til vinnu var sett samkomubann. Þannig að skólastarf eftir áramót hefur verið skrýtið og flókið.

Ótrúleg eru ævintýrin þetta árið var kvæðið um „Siggu og kóngulóna.“ Megináherslan á Hlíð fór í kóngulóna en þar sem að það var heimsfaraldur og samkomubann í gildi var lítið um samstarf milli deilda og skipulagið varð einfaldara en á sama tíma flóknara. Mest allt skipulag og orka fór í það að halda vel utan um börnin og láta þeim sem og starfsfólki líða vel og vera örugg.

Það var lítið hægt að leggja áherslu á markmiðin sem voru sett fyrir skólaárið 2019-2020. Þar sem að breytingar á skipulagi, umhverfi og starfsfólki innan Drafnarborgar var gríðarlegt sem og innan alls Drafnarsteins haustið 2019 og í ljósi verkfalls og heimsfaraldurs í byrjun árs 2020. Þannig halda markmiðin sem sett voru fyrir seinasta skólaár 2019 – 2020 sér að mestu. Þau verða einfölduð í ljósi þess hvernig reynsla fyrsta árs eftir sameiningu deildanna tveggja var.

Það sem tókst var að það var settur inn umhverfisdagur inn í vikuskemað hjá Hlíð. Þá var efniviðurinn í umhverfinu skoðaður sem og æfingar í að klæða sig í útiföt. Í byrjun árs bókuðum við tíma hjá

Borgarbókasafninu einu sinni í viku og fengum upplestur. Það var alveg frábært og skemmtileg tilbreyting og við höldum því áfram.

Gott væri að hafa deildarfundir eftir hvert skema, meta þannig vinnu hvers tímabils á meðan það er enn ferskt í minni og leggja á sama tíma línurnar fyrir næsta skema/tímabil. Við mættum vera duglegri að fara eftir skemanu í sambandi við söngva og vísur þannig að lagavalið verði markvissara og söngspjöld fleiri.

Markmið fyrir 2020 - 2021

Umbótaþættir Hlið	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhverfis menntun	Setja skýrari markmið.	Finna strax eitthvað í garðinum okkar til þess að fylgjast með. Vera með endurvinnslu tunnur sýnilegri. Flokka með börnunum.	Haut 2019	Deildarstjóri	Vor 2019	Skráning



2.2 Hóll

Haustið 2019 opnaði Drafnarborg sem ungarnaleikskóli með tvær ungarnadeildir Hlíð og Hól. Aðlögunin gekk ágætlega en betur eftir að skipulagið var einfaldað og gert skýrara á hvorri deild fyrir sig. Á Hóli eru 14 börn sem fædd eru 2017 og 2018. Aðlögun var fram eftir hausti og síðustu börnin komu inn í Desember. En þau voru öll fljót að aðlagast nýju umhverfi og dagsskipulagi.

Skipulag að hausti á yngstu deild fer mikið í það að halda utan um börnin, kynnst þeim og þau að kynnst leikskólanum.

Eftir því sem leið á veturinn varð samstarf milli deilda meira og flæði á milli deilda opnara. Markmiðið var einmitt það með skipulagsbreytingunni. Það var margt gott sem kom út úr því eins og þegar hreyfing er, en þá eru allar hurðir opnar og hver kennari með sitt svæði og börnin í flæði út um allt hús. Hvíldin hjá báðum deildum er komin niður í sal. Það er alltaf hægt að gera betur og það er einmitt vert að skoða þetta flæði betur og betrubæta skipulagið í kringum það.

Allir viðburðir gengu vel og við áttum gott samstarf við Hlíð um alla tyllidaga fram til febrúar 2020.

Á nýju ári byrjuðum við eins og alltaf á námsefninu, Ótrúleg eru ævintýrin. Í ár völdum við vísuna um „Siggu og köngulóna.“ Vísan fangaði hug barnanna og var skemmtilegt að vinna með hana. Hún var skemmtileg viðbót við önnur verkefni á nýju ári. Við fengum íslenskan leikskólakennaranema og norskan leikskólakennaranema til okkar í febrúar og mars. Áttu þeir hjá okkur góðar stundir þrátt fyrir verkfall og heimsfaraldur. Samstarf milli deilda var hætt þegar samkomubann var sett á og varð skipulagið um leið einfaldara þar sem fjöldi barna og starfsfólks var í lágmarki. Fór tíminn aðallega í það að halda vel utan um börnin og láta þeim sem og starfsfólki líða vel og vera örugg.

Engin markmið voru sett á Hóli, þar sem að bæði starfsfólk og börn byrjuð um haustið 2019 og því engin reynsla af starfi inná deildinni.



Markmið fyrir 2020-2021

Umbótaþættir Hóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubba	Vikuleg lubbastund	Í samveru- stundum. Kynna sér starfsemi á yngri deildum annars staðar	haust 2020	Deildarstjóri, lubbastjórnandi	reglulegir matsfundir yfir veturinn og í lok, vor 2021	Skráning og lubbateymi
Umhverfis- mennt	Finna því stað í dagskipulagi	Útiveru, t.d. finna tré og fylgja því eftir	Haut 2020	Deildarstjóri Starfsmaður í umhverfisnefnd	Janúar og maí 2021	Skráning, myndataka
Sjónrænt skipulag/orð	Búa til sjónrænt skipulag fyrir börnin yfir daginn og athafnir	Höfum það sýnilegt fyrir þau.	Vor 2021	deildarstjóri	Haut 2020 og jafnharðan yfir árið	Mat starfsfólks



2.3 Hulduhólar:

Á nýju skólaári sameinuðust börn af Drafnarborg (Hlíð) og helmingur barna af Ljúflingsholti á Hulduhólum. Aðlögun barna sem mættu gekk vel og teljum við að þar hafi mikið spilað inní samgangur barnanna á sumrinu. Það sem kom helst á óvart var hversu mörg mættu strax við opnun deildarinnar, en full mæting var. Að einhverju leyti er það tilkomið vegna ófyrirséðra framkvæmda á Drafnarborg.

Eftir nokkrar breytingar í starfsmannahópnum, var strax byrjað að fara eftir dagskipulagi, hóparnir eru þrír og sex börn í hverjum hóp. Kennari fylgir hverjum hóp eina viku í senn og er með þann hóp og einnig við borð. Teljum við þetta gott fyrirkomulag svo kennarar kynnist öllum börnunum.

Haustið einkenndist af hefðbundnum verkefnum t.d. á degi læsis þar sem var lesið úti á palli fyrir allan skólann. Bangsaballið tókst mjög vel örlítið þröngt í salnum spurning að skipta í tvo hópa.

Gerðum lítið úr degi íslenskra náttúru og er það miður. Að vísu vorum við dugleg í útiveru að safna laufblöðum þ.h. og vinna úr því.

Gerðum vinaverkefni úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á degi eineltis. Þetta var skemmtilegt og þarft verkefni sem höfðaði vel til okkar allra.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn á Borgarbókasafni. Heppnaðist einstaklega vel, er þetta ánægjuleg hefð.

Jólin: Hefðbundið dagskipulag var lagt til hliðar og unnið eftir jólaskipulagi. Við sáum leikritið Björt og jólasveinarnir, föndruðum mikið, sungum og dönsuðum og farið í hátíðlegar aðventustundir.

Í janúar byrjun hófst þjóðsöguvinnan. Vísan sem var valin var Sigga og Köngulóin og var hún lesin og sungin. Börnunum fannst vísan mjög skemmtileg og vakti köngulóin auðvitað mesta athygli.

Unnið var í listaskála og fór mikil og skemmtileg vinna fram inni á deild.

Verkfall Eflingarfólks í febrúar og síðan Covid-19 settu strik í reikninginn. Varð því minna úr samvinnu með Drafnarborg en áætlað var.

Í það heila erum við ánægðar með þá vinnu sem var unninn og börnin höfðu mikla ánægju af vísunni um Siggu og köngulóna.

Innra mat var styrking barna og starfsmanna í morgunsamveru. Tókst vel með sýnilegri skráningu og er ætlun okkar að vera aftur með það sama en með áherslu á Lubba stund.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðarað ili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari samverustundir með börnunum með áherslu á Lubbi finnur málbeinið.	Aukinni athygli og þátttöku bæði barna og starfsfólks í samverustund um.	Með meiri skipulagning u á efni til að nota í samverustun dum, eflingu og undirbúningi starfsfólks.	Hefst í ágúst 2020. Endurmat mun fara fram um áramót 2020/2021	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Deildarfundir verða notaðir til að tala um hvernig gengur og hvað má ennþá bæta, skráning verður með börnum í samverustund með hvatningardagatali.	Skráning með dagatali og deildarfundir og rýni.
	.					



Umbótaþættir Hlíð	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frjálst val eftir hvíld.	Leyfa börnunum að velja.	Virkja starfsfólk í að setja upp val eftir hvíld.	Haut 2020	Deildarstjóri og allt starfsfólk Hlíðar.	Fara reglulega yfir með starfsfólki hvernig gengur. Nota deildarfundi til þess.	Skráning; ljósmyndir og samtöl við börnin.

2.4 Álfheimar

Fjöldi barna: 26 í ágúst en 24 eftir að börn fóru á nýja leikskóla. Öll börn voru fædd 2016, frá febrúar til júlí. Fjármagn fyrir sérkennslu voru 5 tímar og 4 tímar. Ein flutti á nýjan leikskóla í janúar og annar í maí og voru þá 22 börn á deildinni.

Starfsfólk í haust: Deildarstjóri í 100% vinnu, leiðbeinandi í 100 % vinnu, leiðbeinandi í 50 % vinnu.

Leiðbeinendur í sérkennslu í 80% vinnu og 60% vinnu. Leiðbeinandi kom úr fæðingarorlofi í október í 100% vinnu en minnkaði síðan við sig í tæplega 90% vinnu.

Um vorið kom starfsmaður úr fæðingarorlofi á deildina (100%) og fór þá leiðbeinandi sem hafði verið í 80% vinnu á aðra deild.

Í vetur voru allir starfsmenn að læra að vinna saman á nýrri deild og einkenndist haustið af því. Í vor hefðum við getað verið komin í nokkuð góðan takt saman ef ekki hefði komið til verkfalls og samkomubanns. Því munum við vinna eftir sömu umbótaáætlun og lagt var upp með síðasta haust.

Okkur tókst þó að þemaskipta hópastarfinu í haust og varð það nokkuð markvissara. Við unnum verkefni tengt líkamanum og orðaforða tengdum honum, haustið og lífbreytileik, unnum með vináttu tengt barnasáttmálanum og verkefni tengd hrekkjavöku. Í desember vildum við einblína á að skapa huggulega stemningu og tókst það mjög vel.

Deildarstjóri gerði TRAS skráningu á öllum börnum á deildinni og EFI-2 skimun þegar þau voru komin yfir þriggja ára aldur.

2.4.1 Umbótaáætlun Álfheima 2020 - 2021

Umbótaþættir Álfheima	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun í daglegum samskiptum.	Að starfsfólk sé meðvitað í virkum samskiptum við börnin.	Starfsfólk skráir tíðni samskipta við börnin.	September 2020 – desember 2020	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Skráningar sem farið er reglulega yfir á deildarfundum	Að starfsmenn haf betri yfirsýn yfir málþroska barnanna og séu meðvitaðri í samskiptum við þau.
Markvissara hópastarf.	Að hópastarf sé marvissara: fjölbreytt og með skýr markmið.	Allir deildarstarfsmenn fá tíma til að undirbúa hópastarf og leiðsögn ef þess er þörf. Markmið ákveðin sameignlega	September 2020 – maí 2021	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Undirbúningur og deildarfundir þar sem farið er saman yfir markmið starfsins og vinnan samræmd. Hópastarf skráð og farið yfir á	Skipulagðara og markvissara hópastarf.



		á deildar- fundum. Skráning haldin yfir allt hópastarf.			deildar- fundum.	

2.5 Trölladyngja

Á Trölladyngju eru 25 börn. Öll fædd 2015. Börnin sameinuðust frá Hulduhólum, Álfheimum og Hól í ágúst. Í september bættust við börn frá öðrum leikskólum og börn sem höfðu ekki verið áður í leikskóla. Eitt barn fluttist í annan leikskóla í lok janúar. Tvö börn hættu í vor og komu 3 önnur börn í staðinn. Á deildinni eru þrír starfsmenn í 100% starfi og einn sérkennari er í 60 % starfshlutfalli. Auk þess fá öll börnin skapandi kennslu með verkefnastjóra listaskála einu sinni í viku. Börn af erlendum uppruna eru reglulega í skipulagðri málörvun í litlum hópum.

Eitt áhersluatriðið í umbótaáætlun var aðlögun barna að byrja á nýrri deild. Við byrjuðum með aðlögun fyrir sumarfrí 2019. Deildastjórinn sá með skipulögðum hætti um að börn sem væru að hefja nám á deildinni fengu að fara í heimsóknir, kynnast og taka þátt í skapandi leik. Markmiðið var að skapa tilhlökkun hjá börnunum til að kynnast nýjum vinum á Trölladyngju í ágúst. Áherslan við aðlögunina var að börnin styrktust saman og að þau upplifðu sig sem einn hópur (Trölladyngjubörn). Allir starfsmennirnir voru mjög virkir og allir viljugir að láta þetta heppnast. Núna er þetta mjög skemmtilegur og fjölbreyttur hópur. Hlutfall barna sem eru tvítyngd eða fjöltyngd eru 60%.

Haustið gekk mjög vel og unnum við eftir haustskemanu. Það var ákveðið að fylgjast sérstaklega með einu tré í garði hjá einu barni og fórum við iðulega til að sjá breytingar sem urðu vegna árstíðar. Við ætlum að stefna að því að halda áfram með verkefni sem tengist trjá og árstíðaskiptum í umbótaáætlun 2020/21.

Annað sem var í umbótaáætlun voru skipulagðar heimsóknir í Borgarbókasafnið í litlum hópum. Þetta var mjög vinsælt hjá öllum börnunum en féll niður í febrúar út af verkfallinu og síðan kom upp kórónaveiru-heimsfaraldurinn.

Allir starfsmenn sóttu námskeið á skipulagsdegi í námsefninu Lubbi finnur málbein. Það námsefni leggur áherslu á hljóðanám og hljóðkerfisvitund sem og málörvun.

Í byrjum nóvember fór deildastjórinn í fjóra og hálfa viku í veikindaleyfi. Að sögn starfsmanna var þá erfitt að halda utan um hefðbundið skólastarf þar sem ekki náðist alltaf að fá starfsfólk til afleysingar.

Aðventu- og jólatímabilið gekk mjög vel. Börnin á Trölladyngju settu upp jólaleikrit og var sýning haldin fyrir foreldra í jólakaffinu og fyrir öll börn af hinum deildum í síðustu aðventustundinni fyrir jól. Hrifning áhorfenda var mjög mikil og erum við að íhuga að taka þetta upp sem hefð.

Námskeið í sköpun sem fór fram í Myndlistarskóla Reykjavíkur var haldið fyrir alla starfsmenn í janúar og nýttist það vel í starfi á deildinni með börnunum.

Í janúar tók þjóðsöguvinnan við og við ákváðum að skipta börnunum í þrjá hóp til að vinna með. Í fyrsta sinn var valin vísa og tóku börnin mjög vel undir það og byrjaði starfið vel. Þegar verkfallið

byrjaði 17. febrúar var breyting gerð á skipulaginu. En það gekk vel þrátt fyrir það að vinna með vísuna og var öflugt starf unnið. Það má segja að það sem börnunum fannst áhugaverðast í verkefninum með vísuna var allt sem snérist að kóngulóm. Í verkefni með vísuna voru einnig tilfinningar og að auki var lesteppið mikið notað.

Út af kórónu-heimsfaraldrinum byrjaði dagurinn ávallt með handþvotti. Við ákváðum að taka heilsuvarnir í umbótaáætlun 2020/21 og halda áfram að byrja daginn með handþvotti til að rjúfa smitleiðir.

Vor- og sumar tíminn fór vel af stað. Að leika sér í garðinum og skipulagðar gönguferðir gerðu þann tíma fjölbreytilegan.

Mat á þroska og líðan barnanna var skoðað í nóvember 2019 fyrir foreldraviðtöl og reglulega á deildarfundum. Málþroskaskráning gerð á hverju barni reglulega a.m.k. tvisvar á ári með TRAS skimun og HLJÓM próf.

Mat á dagskipulagi hefur verið gert reglulega á deildarfundum og skipulagsdögum og gerðar breytingar í kjölfarið ef þörf hefur verið á.

Deildastjóri: Íris Björg Ólafsdóttir

Áætlun Trölladyngja 2020/21

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhverfi	Að gera börnin meðvituð um ársbundnar breytingar náttúruna. Efla virðinguna fyrir umhverfið	Útikennsla. Að fylgjast með einum tré í nágrenni og skrá breytingar.	Sept. til júní	starfsmenn deildar framkvæma	Fara reglulega að heimsækja „tré okkar“ og fylgjast með breytinga á trénunum. Skrá breytinga með ljósmyndum. Teikna myndir og halda umræðu eftir á.	Börnin velja tré saman. Ljósmyndir fara sýnileg á vegg inn á deild svo börnin gáta alltaf farið að skoða og komið fram með spurningar og rætt við hin börnin og kennara.
Heilsan	Að efla reglulegan og	Nýta rúttinan og meðvitund	Daglega allt árið	Allir starfsmenn	Myndræn verklýsing um	Minka smit og veikindi; vekja



	góðan handþvottur til að rjúfa smitleiðir. Byrja skóladaginn með handþvott.	barna sem er nú til staðar út af sóttkví-meðferð vegna kórónaveiru 2020.		gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem fyrirmynd varðandi hreinlæti og venjur.	handþrif sýnileg inn á baði. Fylgjast með og gefa leiðsögn beint til barn/barna, Umræður	áthygli á heilsu og sjálfábyrgð – ég get „passa“ mig! Til að halda vel utan þessa ferli færði ein starfsmaður vinnutímann sinn fjarað

2.6 Holt

Elsta deildin flutti um húsnæði í ágúst sem var mikil breyting fyrir bæði starfsmenn og börn. Þetta er sérhús með eldhúsi sem var ekki nógu vel útbúið og tók tíma í að venjast. Deildin var fjölmenn og því réðumst við í aðgerðir til að lágmarka allan glundroða á deildinni. Í fyrstu reyndist þessi blanda erfið en jafnt og þétt lærðum við hvernig var best að takast á við þetta og í nóvember var komin mjög góð, skýr mynd á deildina.

Önnur ástæða fyrir því að þetta tók þetta langan tíma er að barn byrjaði á deildinni sem þurfti 100% stuðning. Barnið þurfti í raun enn meiri stuðning en 100% sem tók oft starfsmenn úr sinni venjulegu rútínu vegna þess að það var þörf á aðstoð.

Það var myndaður betri rammi í kringum barnið og það fékk betra pláss til að aðhafast. Á sama tíma vorum við búin að venjast nýja húsinu og búnaður í eldhúsinu var uppfærður. Deildin var þá komin í mikið jafnvægi og það gekk vel að ná okkar markmiðum sem sneru helst að listsköpun og læsi.

Í síðasta mati lögðum við upp með að borða í tveimur hollum vegna mögulegs plássleysis. Sú tilraun entist út september en það var metið þannig að plássleysið var ekki svo mikið í samanburði við tímann og orkuna sem fór í það að hafa tvo matartíma. Við bættum því við fjórða borðinu sem allir voru sammála um að var skárri kosturinn.

Um jól/Janúar fórum við í mikið lestrarátak tengt „Lubbi finnur málbein“. Við fórum í mikla þjálfun í mál- og hljóðvitund, lásum mikið með gríðarlega góðum árangri. Þetta gekk það vel að við ætlum að leika sama leik á næsta ári.

Vorið var auðvitað undirlagt óskipulagi í kringum verkfall og Covid-19 en tíminn með börnunum nýttist vel einkum í lestur, en eftir Covid-19 fórum við í „skólavinnu“ sem tengist mikið stærðfræði og hugtökum. Næsta vor ætlum við þó að nýta alla vorönnina alla betur í skólavinnu á vonandi veirulausu vori 2021.

Haustið 2020 ættu engin af þessum vandamálum að vera til staðar. Í nýjum árgangi byrja aðeins 20 börn og því ætti að vera nóg pláss. Strax verður tekist á við það verkefni að hlúa að tvítyngdum á deildinni, og mikil áhersla lögð á sköpun og læsi. Einnig verður passað uppá undirbúningstíma starfsmann og að allir séu vel undirbúnir og upplýstir um þær áskoranir sem okkur mun berast þetta skólaár.

Umbótaþættir Ljúflingsholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Tvær samverur	Vegna magns tvítyngdra barna þá ætlum við okkur að hafa tvær samverur þegar aðstæður leyfa	Sérkennari og annar sjá um auka samveruna fyrir tvítyngda	Þegar nýja deildin verður opnuð	Sérkennari	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að tvítyngdu börnin fá að hlusta á bækur við þeirra hæfi svo þau geti tekið þátt
Gefa öllum sinn undirbúning án vandæða	Skipuleggjum starfið til að fá nóg svigrúm til undirbúnings	Neglum niður undirbúnings tíma og skipuleggjum starf á þeim tíma ef afleysing fæst ekki	Strax í byrjun annar	Deildarstjóri, sérkennslustjóri.	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að allir fá sinn undirbúning án þess að það bitni á börnum og öðrum starfsmönnum



3 Ytra mat

Ekkert ytra mat var gert á stafsemi skólans þetta árið.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn. Í ár var bryddað upp á þeirri nýbreytni að deildastjórar tóku samtöl við starfsfólk sinna deilda. Notast var við tækni sem kölluð er Snerpusamtöl en þau byggjast á því að í stað eins langs samtals, einu sinn á vetri. Þá eru tekin fjögur stutt samtöl með fyrir fram ákveðnu umræðu efni.

Á skipulagsdögum fengum við námskeið í Lubbi finnur málbein og námskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur í sköpun fyrir starfsmenn. Einnig var jafnréttisskóli Reykjavíkur með fræðslu um kynjað uppeldi, samfélagið og klám.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áherslur í samstarfi Vesturbæjarskóla og Drafnarsteins felast fyrst og fremst í því að brúa bilið á milli skólastiganna. Með því að stuðla að góðu samstarfi á milli skólastiganna er hægt að auðvelda elstu börnum leikskólans að takast á við þær breytingar sem flutningur á milli skólastiganna er. Væntanlegir grunnskólanemendur fá að skoða húsnæði skólans, kynnast starfinu og hitta varðandi kennara sína.

Áætlaðar eru þrjár heimsóknir barnanna í Vesturbæjarskóla auk þess sem nemendur úr fyrsta bekk Vesturbæjarskóla koma í heimsókn í leikskólann.

Að vori hittast sérkennslustjórar skólanna auk viðkomandi deildastjóra og fara yfir barnahópin ásamt því að ræða þau börn sem fengið hafa sérkennslu eða önnur sérúræði á vegum leikskólans.

Grunnskólinn fær auk þess í hendur niðurstöður Hljóm-2 (hljóðkerfis -og málvitundarathugun) sem gerð er á elsta árgangi að hausti.

Áfram verður unnið að nýrri samstarfsáætlun skólanna, bæði varðandi læsi, sem og flutning barna á milli skólastiga.

5 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikið upp úr góðri foreldrasamvinnu. Fyrstu viðtöl taka leikskólastjóri ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar. Þar er farið fyrir skólastarfið og fylltir út pappírar. Foreldrar hafa þar kost á að ræða það sem þeim liggur á hjarta. Venjulega er öllum foreldrum boðið upp á foreldarviðtöl á miðjum vetri. En í ár var það upp og ofan hvort hægt var að koma því við vegna Covid 19. Það sem okkur finnst mikilvægast er daglegt samtal heimili og skóla. Foreldrar geta svo náð sér í efni, myndir



og matseðla svo eitthvað sé nefnt á heimasíðu skólans. En ekki hefur verið mikill tími settur í hana í vetur.

Stjórn foreldrafélagsins er í góðu samstarfi við leikskólann vegna viðburða sem þau vilja halda, en vegna faraldursins voru föstu viðburðirnir ekki haldnir. Ekki náðist að fullmanna foreldraráð.

5.1 Umsögn foreldraráðs

Skýrslan veitir gott yfirlit yfir starf leikskólans, þar sem ýtarlega er farið yfir starfsemi og breytingar innan leikskólans, deilda og í húsnæðismálum.

Starfsemi og aðstaða á Drafnarborg eftir breytingar er til fyrirmyndar og því er viðeigandi að greina gerð leikskólastjóra hefjist þar.

Skýrslan fer yfir þau verkefni sem eru í gangi í leikskólanum og gott samstarf við aðila utan hans. Þar má helst nefna samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem bæði starfsmenn og nemendur leikskólans hafa stundað nám, námskeið fyrir starfsmenn í námsefninu „Lubbi finnur málbein“ og samstarf við Sigríði Þórisdóttur þar sem skoðuð er tilfinningagreind og núvitund. Rauði þráðurinn í gegnum allt daglegt starf leikskólans er málvörðun, þar sem ýmsar aðferðir eru notaðar m.a. með lestri og þjóðsöguvinnu. Málörvunin nær inn í listaskálann þar sem stórkostlegt starf hefur verið unnið í gegnum tíðina í tengslum við þær sögur sem verið er að vinna með nemendum inn á deild.

Áherslur á næsta skólaári eru:

- Tilfinningagreind og núvitund með Sigríði Þórisdóttur
- Tónlistakennsla
- Listnám í listaskálanum
- Umhverfismennt: Græn afána-verkefni um líffjölbreytileika, í samstarfi við Landvernd
- Fjölmennning

Fjölbreytni í áherslum og verkefnum vetrarins sýna hve vel skólastarfið er mótað og skipulagt til að koma til móts við þann fjölbreytta hóp nemenda sem stunda nám við leikskólann.

Foreldrafélagið er ánægt með það hve gott samstarfið er á milli foreldra og starfsfólks leikskólans, enda mikið lagt upp úr því að eiga gott samband af hálfu leikskólans. Áður en Covid tók völdin voru foreldrar hvattir til að mæta og taka virkan þátt í starfinu. Það varð til þess að foreldri sem er menntaður leikari mætti með leiklestur fyrir börnin, annað mætti með harmonikku og spilaði jólalög og svo mætti lengi telja.

Á hverju ári færast börnin á milli deilda og undirbúningur af hálfu leikskólans tekur mið af þörfum bæði barna og foreldra. Börnin fá að kynnst umhverfinu, kennurum og nýjum samnemendum á sínum hraða.

